



Fjarnám í Verzlunarskóla Íslands
veturinn 2005-2006

Skýrsla fjarnámsstjóra

Efnisyfirlit:

Efnisyfirlit:	2
Inngangur	3
Haustönn 2005	3
Vorönn 2006	5
Sumarönn 2006	12
Haustönn 2006	12
Áfangar í boði	12
Kennslufræði fjarnáms	14
Starfsmennt	14
Lokaorð	14
Viðauki	16
Tafla 1. Áfangar sem kenndir voru á haustönn 2005 og kennarar þeirra	16
Tafla 2. Áfangar sem kenndir voru á vorönn 2006 og kennarar þeirra.....	17
Tafla 3. Fjöldi nemenda í áföngum á vorönn 2006.....	20
Tafla 4. Áfangar sem kenndir voru á sumarönn 2006 og kennarar þeirra	21
Tafla 5. Áfangar sem kenndir hafa verið í fjarnámi VÍ	23
Tafla 6. Brautir og svið sem í boði eru við Verzlunarskóla Íslands.....	26

Inngangur

Undirrituð tók við starfi fjarnámsstjóra Verzlunarskóla Íslands þann 20. ágúst 2005. Þessi skýrsla er skrifuð til að varpa ljósi á starfsemina sem fram fór á sviði fjarkennslu árið sem í hönd fór.

Haustönn 2005

Fyrstu dagar haustannar einkenndust af mikilli vinnu. Fyrir lá sú ákvörðun að taka fjarkennsluumhverfið WebCT í notkun, í stað TLM sem áður hafði verið notað. Ný útgáfa af WebCT, WebCT Campus Edition, var væntanleg frá framleiðanda á haustdögum og var ákveðið að bíða eftir henni í stað þess að taka eldri útgáfuna í notkun og þurfa svo að skipta yfir í nýju útgáfuna eftir örfáar annir. Var farin sú leið að kaupa leyfi fyrir notkun WebCT beint af leyfishöfum og vista WebCT á tölvum skólans og hófst undirbúningur fyrir það verk strax í byrjun ágúst. Erfitt var að fá á hreint hvenær hin nýja útgáfa af WebCT yrði tilbúin til afhendingar frá framleiðendum og gerði það alla skipulagningu erfiða.

Föstudaginn 26. ágúst 2005 fóru 6 starfsmenn Verzlunarskólans á WebCT kynningu hjá Skýrr, en Skýrr fékk lykil að hinni nýju útgáfu WebCT tveimur dögum áður og það tók þá einn dag að setja forritið upp á tölvur hjá sér.

Á síðustu dögum ágústmánaðar var WebCT sett upp á tölvur Verzlunarskólans og 2. september voru fyrstu áfangarnir settir upp í WebCT. Þá fyrst var hægt að útbúa sniðmát fyrir fjarnámsáfangana, námsefni fyrir væntanlega fjarkennara og undirbúa námskeið fyrir þá. Í fyrstunni var aðeins hægt að komast í WebCT í tölvum innan skólans en þann 5. september, daginn sem skráning í fjarnámið hófst á netinu, var hægt að komast í WebCT áfangana frá tölvum utan frá. Þann 7. september var búið að setja upp alla áfangana fyrir haustönn 2005 í WebCT og þann dag fengu fjarkennarar haustannar aðgangsorð sín send í tölvupósti. Þeir gátu því hafist handa við að undirbúa áfangana sína fyrir fjarkennsluna, en fyrst þurftu þeir að læra á fjarkennsluumhverfið.

Miðvikudaginn 7. september var fyrsta námskeiðið fyrir fjarkennara haustsins í notkun WebCT. Þetta var staðbundið námskeið þar sem WebCT var kynnt fyrir kennurum, farið í póstinn, umræður, spjall, tilkynningar og dagatal. Vel var mætt á námskeiðið og hófust fjarkennarar þegar handa við að undirbúa áfangana sína í WebCT fyrir fyrsta fjarkennsludag haustannar sem var skammt undan. Í næstu viku var boðið uppá annað námskeið og var þar kennt að setja gögn inn í WebCT og svo í framhaldi af því var þriðja námskeiðið sem fjallaði um gerð gagnvirkra æfinga og í framhaldi af því það fjórða þar sem tekið var fyrir nemendabókhald í WebCT. Fyrir utan þessi námskeið stóð kennurum til boða einstaklingsaðstoð eftir því sem hverjum hentaði.

Í WebCT var sett upp kennarastofa þar sem öllum námskeiðsgögnum var safnað saman og efni bætt inn eftir því sem þörf krafði. Aðgang að þessari kennarastofu höfðu allir fjarkennarar haustannar og þangað gátu þeir sótt námsefni eftir þörfum.

Í WebCT var einnig sett inn, nokkurs konar anddyri netskólans. Hugmyndin var að allir fjarnemendur ættu aðgang að þessu anddyri og þar yrði setningarávarp skólameistara, skilaboð frá fjarnámsstjóra, ráðleggingar frá námsráðgjöfum, vettvangur til umræðu og fleira. Nafn á þetta anddyri netskólans kom þó ekki fram fyrr en á fundi fjarkennara í upphafi vorannar: Marmarinn.

Eitt af fyrstu verkum haustsins var að kortleggja hvaða áfanga deildir væru til í að bjóða í fjarkennslu á haustönn og hvaða kennarar gæfu kost á sér í fjarkennslu. Niðurstaðan var að 24 áfangar voru í boði á haustönn 2005 og sáu 22 kennarar um kennslu þeirra. Sjá töflu 1 í viðauka. Allir fjarkennarar haustannar fengu fartölvur til afnota.

Ákveðið var að skráning færi fram dagana 5. – 12. september og nemendur fengju tölvupóst með upplýsingum um greiðslutilhögun þann 14. september. Aðgansorð að kennsluumhverfinu fengju nemendur svo þann 20. september og hæfist þá fjarkennsla á haustönn formlega. Með því móti næðust 10 kennsluvikur áður en próf gengju í garð og mætti sá tími varla vera styttri.

Útbúin var skráningarsíða á netinu og forrit sem safnaði skráningum í gagnagrunn, lauk þeirri vinnu daginn áður en skráning hófst og um leið og síðan var opnuð byrjuðu skráningar að berast.

Alls voru 385 nemendur í fjarnámi á haustönn 2005, mjög margir þessara nemenda voru skráðir nemendur í dagskóla Verzlunarskóla Íslands og voru þeir að taka upp áfanga sem þeir höfðu fallið í á liðnum önnum. Nemendum sem skráð höfðu sig í fjarnám hjá Verzlunarskólanum frá því haustið 2004 og ekki höfðu lokið prófum, var boðið að skipta yfir í hið nýja kerfi án endurgjalds og þáðu það vel flestir.

Um miðjan október var farið af stað með nýtt námskeið í notkun WebCT fyrir væntanlega fjarkennara vorannar 2006. Námskeiðið var sett upp í WebCT og byggt uppá 10 námsbréfum og 10 samsvarandi verkefnum. Að auki voru vikulegar vinnustofur þar sem kennarar gátu komið og fengið aðstoð við námsefnið. Námskeiðið stóð til loka nóvember og á þeim tíma undirbjuggu kennarar áfanga til kennslu á vorönn 2006.

Lokapróf voru haldin um í desember. Prófað var á 25 stöðum fyrir utan húsnæði VÍ. Á Íslandi í 11 grunnskólum, 2 framhaldsskólum, háskóla, fangelsi, og hjá fjarnámsstofu og fræðsluneti. Erlendis var prófað í 2 sendiráðum, Wasington og Brussel, Jónshúsi í Kaupmannahöfn og auk þess í 5 skólastofnunum í 4 löndum: Chile, Japan, Danmörku og Bandaríkjunum. Ábyrgðarmenn voru starfsmenn viðkomandi stofnana, skólastjórar, kennarar, sendiráðsritarar og fangaverðir. Allir ábyrgarmenn voru jákvæðir gagnvart sínu hlutverki og lögðu fram vinnu sína án endurgjalds. Flest próf voru þó tekin í húsnæði Verzlunarskólans enda flestir fjarnemendur haustannar einnig nemendur skólans. Heimtur í lokapróf voru góðar.

Vorönn 2006

Á vorönn 2006 voru 90 áfangar í boði en enginn nemandi skráði sig í 1 áfanga. Fjarkennarar á vorönn voru alls 48 og í hópi þeirra voru 26 sem ekki fjarkenndu á haustönn 2005 og fengu þeir allir fartölvur til afnota. Allir þessir fjarkennarar kenndu einnig í dagskólanum í Verzlunarskólans, að tveimur kennurum frátöldum. Sjá töflu 2 í viðauka.

Á vorönn 2006 kom fram hugtakið “hulduáfangar”, en það voru áfangar sem aðeins voru í boði fyrir þá nemendur VÍ sem fallið höfðu á liðinni önn, en ekki auglýstir á heimasíðu skólans. Alls voru þetta 6 áfangar og heildarfjöldi áfanga sem kenndur var á vorönn var því 95.

Fjarnámsfundur fyrir kennara og aðra starfsmenn Verzlunarskólans var haldinn fimmtudaginn 19. janúar. Þar var farið yfir helstu atriði sem þarf að hafa í huga í upphafi fjarnámsannar og fjarkennarar frá haustönn 2005 sögðu frá reynslu sinni. Vel var mætt á fundinn og margt var rætt.

Skráning í fjarnám hófst 4. janúar og stóð til 17. janúar. Tveim dögum seinna fengu nemendur upplýsingar um greiðslufyrirkomulag í tölvupósti. Nemendur fengu síðan aðgangsorð að WebCT í tölvupósti þann 24. janúar og hófst þá fjarkennsla vorannar formlega. Alls voru 741 nemendur við fjarnám á vorönn 2006. Sjá töflu 3 í viðauka.

Í upphafi vorannar 2006 leit forritið *Ópi* dagsins ljós. Ópi er forrit sem tengist gagnagrunni sem skráningar nemenda í fjarnámið á heimasíðu skólans safnast í. Með Ópa er hægt að senda völdum nemendum póst með upplýsingum um greiðslufyrirkomulag. Einnig er hægt að innrita nemendur í WebCT með Ópa og senda nemendum upplýsingar um aðgangsorð að WebCT í tölvupósti.

Kennsluvikur á vorönn voru alls 10, frá 24. janúar að telja til 2. apríl, en þá var boðið uppá lokapróf hin fyrri. Á hefðbundnum prófatíma í maí var síðan boðið uppá lokapróf hin síðari. Þessi tvískipti prófatími var hugsaður til að koma til móts við þá fjölmörgu nemendur VÍ sem féllu í einhverjum áföngum á haustönn og þurftu að endurtaka áfanga á vorönn og einnig þá sem voru ekki skráðir í skólann en vildu ljúka prófum fyrir hefðbundinn prófatíma.

Af þeim 741 nemendum sem voru í fjarnámi á vorönn 2006, voru 302 strákar og 439 stelpur eða 41% og 59%. Þessir nemendur voru skráðir í 3842 einingar, strákar í 1568 einingar eða 41% eininga og stelpur í 2274 eða 59% eininga. Að meðaltali var hver nemandi skráður í 5,18 einingar og þetta hlutfall nokkuð jafnt eftir kynjum.

Fjarnemendur sem ekki voru skráðir í dagskóla Verzlunarskóla Íslands voru alls 474 eða um 64% af heildinni og voru þeir skráðir í 2870 einingar alls, eða 6,05 einingar að meðaltali hver. Nemendur sem einnig voru skráðir í dagskóla Verzlunarskólans voru 267 alls eða um 36% og voru þeir skráðir í 972 einingar alls, eða 3,64 einingar að meðaltali hver.

Af þeim 474 fjarnemendum sem ekki voru skráðir í dagskóla Verzlunarskólans voru um 36% karlkyns og 64% kvenkyns. Af þeim 267 nemendum Verzlunarskóla Íslands sem var skráður í fjarnám var rétt tæplega helmingur karlkyns en rúmlega helmingur kvenkyns.

Strákar sem jafnframt voru nemendur Verzlunarskóla Íslands voru 131 og voru þeir alls skráðir í 420 einingar eða 3,21 einingar að meðaltali hver. Aðrir karlkyns nemendur voru 171 og tóku alls 1148 einingar eða að meðaltali 6,71 einingar hver.

Stelpur sem jafnframt voru nemendur Verzlunarskólans voru 136 og tóku þær alls 552 einingar eða 4,06 einingar að meðaltali hver. Aðrir kvenkyns nemendur voru 302 og tóku alls 1722 einingar að meðaltali eða 5,70 einingar hver.

Þessar tölur eru hér settar fram í töflur A, B og C:

Tafla A. Fjöldi nemenda í fjarnámi, skipting eftir kyni og því hvort nemandi er einnig í dagskóla VÍ eða ekki.

	Nemendur VÍ	Ekki nemendur VÍ	Alls
Strákar	131 - 17,7%	171 - 23,0%	302 - 40,7%
Stelpur	136 - 18,4%	303 - 40,9%	439 - 59,3%
Alls	267 - 36,1%	474 - 63,9%	741 - 100%

Tafla B. Fjöldi eininga sem nemendur í fjarnámi taka, skipting eftir kyni og því hvort nemandi er einnig í dagskóla VÍ eða ekki.

	Nemendur VÍ	Ekki nemendur VÍ	Alls
Strákar	420 - 10,9%	1148 - 29,9%	1568 - 40,8%
Stelpur	552 - 14,4%	1722 - 44,8%	2274 - 59,2%
Alls	972 - 25,3%	2870 - 74,7%	3842 - 100%

Tafla C. Meðalfjöldi eininga sem nemendur í fjarnámi taka, skipting eftir kyni og því hvort nemandi er einnig í dagskóla VÍ eða ekki.

	Nemendur VÍ	Ekki nemendur VÍ	Alls
Strákar	3,21	6,75	5,19
Stelpur	4,06	5,70	5,18
Alls	3,64	6,05	5,18

Meðalaldur fjarnema á vorönn 2006 var 26,3 ár. Meðalaldur stelpna var 28,2 ár en meðalaldur stráka var 23,4 ár.

Meðalaldur nemenda sem ekki var skráðir í dagskóla Verzlunarskólans var 31,2 ár. Í þessum hópi var meðalaldur stráka 28,0 ár og meðalaldur stelpna 33,0 ár.


Meðalaldur nemenda sem var skráðir í dagskóla Verzlunarskólans var 17,6 ár. Í þessum hópi var meðalaldur stráka 17,5 ár og meðalaldur stelpna 17,6 ár.

Þessar tölur eru hér settar fram í töflu D:

Tafla D. Meðalaldur nemenda í fjarnámi, skipting eftir kyni og því hvort nemandi er einnig í dagskóla VÍ eða ekki.


	Nemendur VÍ	Ekki nemendur VÍ	Alls
Strákar	17,5 ár	28,0 ár	23,4 ár
Stelpur	17,6 ár	33,0 ár	28,2 ár
Alls	17,6 ár	31,2 ár	26,3 ár

Ef litið er á aldursdreifingu fjarnemenda á vorönn 2006 kemur í ljós að elsti fjarnemandinn er karlmaður fæddur í ágúst árið 1930 en sá yngsti er kvenmaður fædd í september 1992. Fjölmennustu árgangar í fjarnámi á vorönn 2006 voru fæddir 1988 (153 nemendur) og 1989 (127 nemendur) en þeir voru þessa vorönn að öllum líkindum á öðru og fyrsta ári í framhaldsskóla. Munar þar mestu um nemendur VÍ sem voru að endurtaka áfanga sem þeir féllu í á haustönn 2005. Sjá mynd 1.



Mynd 1. Aldursdreifing fjarnemenda á vorönn 2006, elsti nemandinn er fæddur 1930 og þeir yngstu 1992. Fjölmennustu árgangarnir eru 1988 og 1989, en það eru nemendur á 2. og 1. ári framhaldsskólans.


Ef nemendur eru sundurgreindir eftir því hvort þeir eru skráðir í dagskóla VÍ eða ekki, kemur í ljós að nemendur VÍ eru fæddir á árunum 1985 – 1990, en aðrir nemendur eru fæddir á árunum 1930 – 1992. Sjá mynd 2.




Mynd 2. Aldursdreifing fjarnemenda á vorönn 2006. Nemendur VÍ eru fæddir á árunum 1985 – 1990 (bláu súlurnar), en aðrir nemendur eru fæddir á árunum 1930 – 1992 (rauðu súlurnar).

Próf voru tekin í 62% þeirra áfanga sem nemendur voru skráðir í. Alls voru próf tekin í 2480 einingum af þeim 3842 sem lagt var upp með, en það eru 64,5% af einingum. Í lokaprófum hinum fyrri í apríl voru tekin próf í rúmlega 35% eininga en í tæplega 65% eininga á hefðbundnum prófatíma í maí. Þessar 2480 einingar eru alls 70,85 ársnemendur.

Ef einkunnir fyrir próf eru skoðaðar kemur í ljós að tíðasta einkunnagildið er 5, því næst 6 og svo 1. Meðaleinkunn allra þeirra sem tóku próf er 4,78. Alls stóðust 60% nemenda (59,95%) próf og þeir fá einkunn 5 eða hærra, en um 40% fá falleinkunn. Sjá myndir 3 og 4.




Mynd 3. Einkunnir fjarnemenda á vorönn 2006.




Mynd 4. Prósent fjöldi nemenda sem fær tiltekna einkunn.

En hverjir eru það sem mæta í próf og hverjir eru það sem ekki mæta í próf? Er hægt að finna eitthvað mynstur þar? Ef fjöldi áfanga sem próf eru tekin í er skoðaður kemur í ljós að nemendur á grunn- og framhaldsskólaaldri mæta hlutfallslega best í próf. Nemendur sem eru fæddir fyrir 1980 koma síður til prófs og er það mjög athyglisvert í ljósi þess að nemendum er endurgreitt fyrir að mæta í próf og þetta er sá hópur sem trúlega þarf að greiða skólagjöld úr eigin vasa. Nemendur fæddir á bilinu 80-89 eru flestir í dagskóla VÍ og þeir þurfa að mæta í próf og standast þau til að halda áfram sínu námi. Grunnskólanemendur eru flestir í fjarnámi á vegum sinna skóla og þar er passað uppá að þeir sinni námi sínu. Hafa ber þó í huga að grunnskólanemendur á vorönn eru mjög fáir. Eftir því sem nemendur í fjarnámi eru eldri, þeim mun færri eru í árgangi og það skekkir þessa mynd. Sjá myndir 5 og 6.



Mynd 5. Hlutfall þeirra sem mæta og mæta ekki í próf eftir aldri. Nemendur á framhaldsskóla- og grunnskólaaldri mæta best í próf.



Mynd 6. Mæting í próf eftir aldri nemenda. Nemendur á framahaldsskóla- og grunnskólaaldri mæta best í próf, enda eru þeir fjölmennasti hópur fjarnámsnema.

Að lokum kemur í ljós að í 45% áfanga sem ekki skila sér til prófs eru karlar skráðir og konur í 55% áfanga. 92 áfangar sem VÍ nemendur voru skráðir í, skiluðu sér ekki til prófs en það voru 203 einingar eða 5,8 ársnemendur. Hluti af þessum nemendum skráði sig aftur í sömu áfanga á vorönn.

Á vorönn 2006 fengu tveir kennarar Verzlunarskólans aðgang að WebCT fyrir nemendur í dagskóla, þetta á án efa eftir að aukast í framtíðinni.

Ekki er hægt að ljúka við umfjöllun um vorönn 2006 án þess að geta hamfaranna miklu sem urðu í WebCT þann 7. mars 2006. Ástæða þessara hamfara var sú að uppfærsla sem framkvæmd var nóttina áður tókst ekki betur til en svo að bæði WebCT uppsetningin og gagnagrunnurinn eyðilögðust. Verið var að flytja gagnagrunn fjarnámsins úr Oracle gagnagrunni yfir í Microsoft SQL gagnagrunn og jafnframt var WebCT útgáfa sem notar þannig grunn sett upp. Tvö vandamál komu upp við þennan flutning. Annars vegar glataðist efni sem sett var í WebCT á þeim tíma sem uppfærslan fór fram og hins vegar vantaði öll lykilorð.

Samdægurs voru nemendum og kennurum send ný lykilorð að WebCT, en það tók lengri tíma að átta sig á þeim skemmdum sem orðið höfðu á áföngunum í WebCT.

Allt efni var hins vegar til í gamla grunninum, en í ljós kom að það var erfiðleikum bundið að sækja það. Flestir áfangar höfðu afritast að öllu leyti nema því að sumar vefslóðir höfðu dottið út og skráningar í dagatalið höfðu einnig horfið. Þessar vefslóðir voru þó enn í WebCT og þurfti að flytja þær á rétta staði og skipta um táknmyndir. Einstaka áfanga tókst ekki að setja upp og þurfti því að endurgera þá að mestu leyti frá grunni.

Í hönd fór mikil vinna. Flestir áfangarnir komust í ásættanlegt lag á fyrsta sólarhringnum eftir áfallið, en þeir síðustu ekki fyrir en viku síðar. Í lok annar var síðan drjúgum tíma varið í að fara yfir alla áfanga og laga allt sem aflaga hafði farið.

Sumarönn 2006

Á sumarönn 2006 voru áfangar í boði 78, þar af valdi enginn nemandi 6 áfanga. Að auki voru 10 hulduáfangar í boði fyrir nemendur Verzlunarskólans eingöngu. Kennarar á sumarönn voru 43, þar af 2 kennarar sem ekki höfðu kennt áður og fengu þeir fartölvur til afnota. Sjá töflu 4 í viðauka.

Skráning í fjarnám á sumarönn fór fram dagana 23. maí – 1. júní og þann 2. júní fengu nemendur sendar upplýsingar um greiðslufyrirkomulag í tölvupósti. Aðgangsorð að WebCT voru send út 6. júní og hófst þá kennsla formlega. Sumarönnin er 9 vikur og próf verða dagana 8. – 15. ágúst.

24. júlí voru 499 nemendur skráðir í fjarnámið í 1032 áfanga sem alls eru 2832 einingar. Ef gert er ráð fyrir 60-70% mætingu í próf, mun sumarönnin skila 49 – 57 ársnemendum.

Haustönn 2006

Á þessari stundu er ekki ljóst hvað margir áfangar verða í boði á haustönn 2006, né hvaða kennarar munu kenna þá. Þetta mun koma í ljós um miðjan ágústmánuð.

Skráning mun fara fram á heimasíðu skólans dagana 23. ágúst til 4. september. Nemendur fá upplýsingar um greiðslufyrirkomulag þann 5. september og 12. september fá nemendur send aðgangsorð að WebCT í tölvupósti og hefst þá kennsla á haustönn formlega. Próf verða síðan dagana 4. – 15. desember. Gert er ráð fyrir að fjarnemendur á haustönn 2006 verði ekki færri en á vorönn 2006.

Á haustönn 2006 þarf að halda námskeið fyrir fjarkennara í ýmsu sem tengist WebCT, svo sem gerð gagnvirkra prófa og nemendabókhaldi. Einnig þarf að halda námskeið fyrir þá sem aldrei hafa notað WebCT og hyggjast nota það í fjarkennslu eða fyrir nemendur dagskólans. Mikilvægt er einnig að efla þekkingu kennara á ýmsum tækjum og forritum sem til eru í fjarnámsveri, svo sem í notkun gagnvirkur kennslutöflunnar, hljóðvinnslu og gerð talglæra.

Áfangar í boði

Áfangar í boði í fjarnámi Verzlunarskólans hafa alls verið 103. Sjá töflu 5 í viðauka. Áfangarnir eru í samræmi við námskrá framhaldsskóla og sömu kröfur eru gerðar í

fjarnámi og dagskóla. Það er tryggt með því að sama námsefni er í báðum tilfellum, sömu kennarar og sambærileg próf.

Deildir hafa ráðið hvaða áfangar hafa verið í boði hverju sinni, en þær hafa haft að leiðarljósi að bjóða ávalt þá áfanga sem nemendur Verzlunarskólans í 3. og 4. bekkjum hafa þurft að taka vegna falls í áföngum. Næsta vetur þarf því að taka inn í fjarnámið alla áfanga 5. bekkja og veturinn þar á eftir alla áfanga 6. bekkja. Áfangar í boði í fjarnámi á næstu önnum þurfa því að vera í samræmi við eftirfarandi töflu:

Vorönn07	Sumarönn07	Vorönn08	Sumarönn08
		BÓK313	
		EFN203	EFN303
		EFN213	EFN313
ENS403		ENS503	ENS603
	FJÁ103		
		FRA403	FRA503
	ÍSL503		ÍSL603
LAT102	LAT202	LAT302	
		LÍF113	
REK212			
REK213	REK313	REK323	
SPÆ212	SPÆ303	SPÆ403	SPÆ503
STÆ 463	STÆ563		
		STÆ513	STÆ523
STÆ403	STÆ503	STÆ603	STÆ703
		STÆ633	
TÖL103	TÖL203	TÖL213	TÖL303
			ÞJÓ302
			ÞJÓ303
ÞÝS403		ÞÝS503	
		ÞÝS603	

Tafla E. Áfangar sem þarf að bjóða í fjarnámi til að uppfylla þarfir nemenda 5. bekkja veturinn 2006-2007 og 6. bekkja veturinn 2007-2008.

Alls eru það 44 áfangar sem á eftir að vinna fyrir fjarnámið og á næstu vorönn þurfa samkvæmt þessu 9 áfangar að líta dagsins ljós, 8 önnina þar á eftir og svo koll af kolli. Þetta merkir að allir áfangar Verzlunarskólans verða í boði í fjarnámi sumarið 2008. Boðað hefur verið að allir áfangar Verzlunarskólans verði í boði í fjarnámi haustið 2007 og að sjálfsögðu verður stefnt að því en vera kann að það sé raunhæft að setja þetta markmið á haustið 2008. Deildir þurfa að leggja á það faglegt mat, hvort hægt verður að bjóða alla áfanga í fjarnámi. Það er til dæmis alls óvíst að allar átta einingarnar verði í boði í íþróttum í fjarnámi, né heldur tvær einingar í lífsleikni þó má að sjálfsögðu skoða það.

Í töflu 6 í viðauka koma fram allar brautir sem eru í boði í Verzlunarskóla Íslands, þeir áfangar sem þegar eru í boði í fjarnámi og þeir áfangar sem á eftir að vinna fyrir fjarnámið.

Kennslufræði fjarnáms

Umræða um kennslufræði fjarnámsins hefur að sjáfsögðu farið fram meðal kennara Verzlunarskólans á liðnum önnum. Ekki hefur þó verið um neinn skipulagðan vettvang að ræða fyrir þá umræðu. Á næstu önnum er mikilvægt að huga að þeim málum, sérstaklega þegar tölvutæknin er orðin kennurum töm. En það gildir þó um kennslufræði fjarnáms eins og kennslufræði staðbundins náms að það er engin ein aðferð sem dugar fyrir alla nemendur. Það er kennarinn í hverju tilfalli sem metur hvaða aðferð hentar best og þetta gildir í staðbundnu námi jafnt sem í fjarnámi. Það eina sem stjórnendur fjarnáms geta gert er að skapa vettvang fyrir þessa umræðu: Fá fyrirlesara til að fjalla um þessi mál, gera fjarkennurum okkar kleift að sækja námskeið um fjarkennslufræði sinna greina og gefa fjarkennurum tækifæri til að bera saman bækur sínar um fjarkennslu. Þannig mun smátt og smátt fagmennska fjarkennara eflast.

Reynslan sýnir að það eru kennarar sem eru góðir í staðbundinni kennslu sem eru líka góðir fjarkennarar, þetta eru kennarar sem hafa lag á því að koma námsefninu á framfæri þannig að nemendurnir skilji, kennarar sem kunna að matreiða námsefnið eftir getu og þroska nemenda, kennarar sem kunna að smita nemendur af áhuga sínum og kennarar sem kunna að eiga samskipti við hóp nemenda án árekstra. Það eru sömu eiginleikarnir sem gera kennara góðan, jafnt í staðbundinni kennslu sem í fjarkennslu. Þekking fjarkennara á hugbúnaði og tölvum skiptir vissulega máli, en aðalatriðið í fjarkennslu er þó hæfni kennarans til að eiga samskipti við nemendur.

Starfsmennt

Á haustönn 2005 voru þrjú námskeið sett upp í WebCT fyrir Starfsmennt: Reksþölur I, Reksþölur II og Oracle-bókhaldsnámskeið. Fyrirlestrar voru teknir upp í fjarnámsveri Verzlunarskólans og þeir unnir fyrir netið og settir í WebCT. Gagnvirkar æfingar í tengslum við hvern fyrirlestur voru einnig settar upp í WebCT. Að auki settu þeir upp námskeið í tölvunotkun. Alls fóru 406 nemendur frá Starfsmennt í þessi námskeið í WebCT.

Lokaorð

Á fundi með starfsfólki Verzlunarskólans þann 20. ágúst 2005 sagði ég meðal annars:

“Ég vil þó taka fram að ég er ekki komin til starfa hingað til að segja ykkur hvernig þið eigið að haga þessum málum [fjarkennslu] hér í Verzlunarskólanum, heldur lít ég svo á að ég sé hingað komin til að taka þátt í því með ykkur að þróa fjarkennslu, fjarkennslu sem er byggð á þeim hefðum og venjum sem ríkja í skólasamfélaginu ykkar.

Þið kannist örugglega öll við söguna um naglasúpuna er það ekki? Um manninn sem kom að sveitarbæ einum með nagla meðferðis, en tókst þó með hjálp húsmóðurinnar að töfra fram þá bestu súpu sem gerð hefur verið. Saman ætlum við einmitt að sjóða slíka naglasúpu: Potturinn hefur þegar verið settur á hlóðirnar, það hafa forsvarsmenn skólans gert og eftir því sem ég best fæ séð, þá er þetta glæsilegur pottur. Vatnið er komið í pottinn, það er nóg til af því og það er þegar búið að kveikja undir pottinum. Ég kem með naglann meðferðis og ætla

að setja hann úti, taka upp sleif og byrja að hræra. Það er allt og sumt. En þið, ágæta starfsfólk Verzlunarskóla Íslands, þið verðið að bæta í pottinn öllu hinu sem þarf til að gera góða og kraftmikla súpu. Hvað þarf til vitið þið best sjálf, þið eruð jú fagfólk hvert á ykkar sviði og þið vitið best hvernig á að matreiða ykkar námsgreinar fyrir nemendur.”

Þegar ég horfi til baka þá finnst mér að atgagnurinn við að bæta efni í pottinn hafi á köflum verið svo mikill að ég hafi varla haft undan að hræra í. Svo mikill hafa lætin verið að súpan hefur jafnvel brunnið eilítið við. Hvernig til hefur tekist er þó auðvitað nemenda okkar að dæma um, en allir starfsmenn Verzlunarskólans hafa lagst á eitt við að gera hans eins kraftmikla og raun ber vitni. Á næstu önnum munum við halda áfram verki okkar, við erum öll reynslunni ríkari eftir tæplega þrjár viðburðaríkar fjarnámsannir.

Arnarfirði, á hundadögum árið 2006

Sigurlaug Kristmannsdóttir
Fjarnámsstjóri VÍ

Viðauki

Tafla 1. Áfangar sem kenndir voru á haustönn 2005 og kennarar þeirra.

Kennari	Kennari	Áfangi
Guðlaug Nielsen	Tómas Bergsson	BÓK103
Kirsten Friðriksdóttir		DAN102
Kirsten Friðriksdóttir		DAN103
Kirsten Friðriksdóttir		DAN212
Gerður Harpa Kjartansdóttir		ENS103
Ármann Halldórsson		HEI103
Haldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL103
Haldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL203
Haldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL303
Alda Jóna Nóadóttir		MAR103
Margrét Auðunsdóttir		NÁT103
Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir		NÁT113
Benedikt I. Ásgeirsson		NÁT123
Guðrún Inga Sívertsen		REK103
Heiðrún Geirsdóttir		SAG103
Hulda S. Sigtryggisdóttir	Jón Ingvar Kjarian	SAG203
Hilda Torres Ortiz		SPÆ103
Sigurlaug Kristmannsdóttir		STÆ103
Þórður Möller		STÆ203
Sólveig Friðriksdóttir		TÖN102
Sólveig Friðriksdóttir		TÖN202
Gísli Björn Heimisson	Kristín I. Jónsdóttir	VÉL101
Berta Guðmundsdóttir		ÞJÓ103
Ragna Kemp		ÞÝS103

Tafla 2. Áfangar sem kenndir voru á vorönn 2006 og kennarar þeirra. Áfangar sem litaðir eru gulir eru “hulduáfangar”.

Kennari	Kennari	Áfangi
Jón Ingvar Kjaran		ALP104
Jón Ingvar Kjaran		ALP203
Guðlaug Nielsen	Tómas Bergsson	BÓK103
Tómas Sölvason		BÓK201
Guðlaug Nielsen	Tómas Bergsson	BÓK203
Kirsten Friðriksdóttir		DAN102
Kirsten Friðriksdóttir		DAN103
Kirsten Friðriksdóttir		DAN202
Kirsten Friðriksdóttir		DAN203
Kirsten Friðriksdóttir		DAN212
Vilhelm Sigfús Sigmundsson		EÐL103
Vilhelm Sigfús Sigmundsson		EÐL113
Vilhelm Sigfús Sigmundsson		EÐL203
Vilhelm Sigfús Sigmundsson		EÐL303
Benedikt I. Ásgeirsson		EFN103
Gerður Harpa Kjartansdóttir		ENS102
Gerður Harpa Kjartansdóttir		ENS103
Ásta Henriksdóttir		ENS203
Sandra Eaton		ENS212
Laufey Bjarnadóttir		ENS303
Jónína Ólafsdóttir	Kristín Norland	ENS373
Ármann Halldórsson		ENS503
Ármann Halldórsson		ENS603
Eiríkur K. Björnsson		FÉL103
Óli Njáll Ingólfsson	Hallur Örn Jónsson	FÉL203
Eiríkur K. Björnsson		FÉL303
Óli Njáll Ingólfsson		FJÖ103
Hrafnhildur Guðmundsdóttir		FRA102
Hrafnhildur Guðmundsdóttir		FRA103
Hrafnhildur Guðmundsdóttir		FRA202
Hrafnhildur Guðmundsdóttir		FRA203
Sigrún Halla Halldórsdóttir		FRA212
Sigrún Halla Halldórsdóttir		FRA303
Ármann Halldórsson		HEI103
Ármann Halldórsson		HEI203
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL102
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL103
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL202
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL203
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL212
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL303
Þorkell H. Diego		ÍSL403
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir		ÍSL633
Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir	Óskar Knudsen	JAR103

Vilhelm Sigfús Sigmundsson		JAR113
Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir		LAN103
Árni Hermannsson		LIS103
Sigurður Hlíðar		LÍF103
Ólafur Halldórsson		LÍF203
Sigurlaug Kristmannsdóttir		LOL103
Sigurlaug Kristmannsdóttir		LOL203
Þuríður Jónsdóttir		LÖG103
Alda Jóna Nóadóttir		MAR103
Heiðrún Geirsdóttir		MEN103
Heiðrún Geirsdóttir		MEN203
Margrét Auðunsdóttir		NÁT103
Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir		NÁT113
Benedikt I. Ásgeirsson		NÁT123
Guðrún Inga Sívertsen		REK103
Jón Ingvar Kjaran		RÚS103
Heiðrún Geirsdóttir		SAG103
Hulda S. Sigtryggsdóttir	Jón Ingvar Kjaran	SAG203
Hulda S. Sigtryggsdóttir	Jón Ingvar Kjaran	SAG303
Heiðrún Geirsdóttir	Jón Ingvar Kjaran	SAG313
Ingibjörg Markúsdóttir		SÁL103
Hilda Torres Ortiz		SPÆ102
Hilda Torres Ortiz		SPÆ103
Hilda Torres Ortiz		SPÆ202
Berta Guðmundsdóttir		STJ103
Svava Þorsteinsdóttir		STÆ102
Ásta Jenný Sigurðardóttir		STÆ103
Ásta Jenný Sigurðardóttir		STÆ122
Þórður Möller		STÆ202
Þórður Möller		STÆ203
Þórður Möller		STÆ303
Þórður Möller		STÆ363
Sólveig Friðriksdóttir		TÖN101
Sólveig Friðriksdóttir		TÖN102
Sólveig Friðriksdóttir		TÖN111
Jóhanna Björnsdóttir		TÖN121
Jóhanna Björnsdóttir		TÖN131
Jóhanna Björnsdóttir		TÖN141
Sólveig Friðriksdóttir		TÖN201
Sólveig Friðriksdóttir		TÖN202
Kristín I. Jónsdóttir	Baldur Sveinsson	TÖN302
Sólveig Friðriksdóttir	Snorri Halldórsson	TÖN312
Kristín I. Jónsdóttir	Gísli Björn Heimisson	VÉL101
Kristín I. Jónsdóttir	Gísli Björn Heimisson	VÉL201
Berta Guðmundsdóttir		ÞJÓ103
Guðrún Inga Sívertsen		ÞJÓ202
Ragna Kemp		ÞÝS102

Ragna Kemp		ÞÝS103
Ólóf Kjaran Knudsen		ÞÝS202
Nanna Lárusdóttir		ÞÝS203
Ólóf Kjaran Knudsen		ÞÝS212
Ragna Kemp		ÞÝS303

Tafla 3. Fjöldi nemenda í áföngum á vorönn 2006.

ALP104	6	ENS373	15	JAR103	6	SAG313	7	TÖN302	4
ALP203	2	FÉL103	18	JAR113	1	SÁL103	24	TÖN312	3
BÓK103	66	FÉL203	22	LAN103	13	SPÆ102	14	VÉL101	148
BÓK201	20	FÉL303	6	LIS103	2	SPÆ103	22	VÉL201	1
BÓK203	16	FJÖ103	12	LÍF103	12	SPÆ202	5	ÞJÓ103	27
DAN102	22	FRA102	4	LÍF203	8	STJ103	3	ÞJÓ202	2
DAN103	14	FRA103	4	LOL103	7	STÆ102	25	ÞÝS102	22
DAN202	8	FRA202	0	LOL203	4	STÆ103	59	ÞÝS103	16
DAN203	5	FRA203	3	LÖG103	31	STÆ122	12	ÞÝS202	2
DAN212	26	FRA212	25	MAR103	22	STÆ202	8	ÞÝS203	13
EÐL103	12	HEI103	5	MEN103	6	STÆ203	23	ÞÝS212	24
EÐL113	3	HEI203	1	MEN203	1	STÆ303	54		
EÐL203	7	ÍSL102	12	NÁT103	19	TÖN101	6		
EÐL303	2	ÍSL103	20	NÁT113	40	TÖN102	32		
EFN103	8	ÍSL202	18	NÁT123	26	TÖN111	5		
ENS102	18	ÍSL203	18	REK103	55	TÖN121	3		
ENS103	20	ÍSL212	29	RÚS103	15	TÖN131	2		
ENS203	18	ÍSL303	32	SAG103	35	TÖN141	1		
ENS212	27	ÍSL403	22	SAG203	27	TÖN201	2		
ENS303	33	ÍSL633	1	SAG303	13	TÖN202	10		

Tafla 4. Áfangar sem kenndir voru á sumarönn 2006 og kennarar þeirra. Áfangar sem litaðir eru gulir eru “hulduáfangar”.

Kennari	Kennari	Kennari	Áfangi
Jón Ingvar Kjaran			ALP104
Jón Ingvar Kjaran			ALP203
Guðlaug Nielsén	Tómas Bergsson		BÓK103
Tómas Örn Sölvason	Tómas Bergsson		BÓK201
Guðlaug Nielsén	Tómas Bergsson		BÓK203
Kirsten Friðriksdóttir	Ingibjörg S. Helgadóttir		DAN202
Kirsten Friðriksdóttir			DAN203
Kirsten Friðriksdóttir	Ingibjörg S. Helgadóttir		DAN212
Vilhelm Sigfús Sigmundsson			EÐL103
Vilhelm Sigfús Sigmundsson			EÐL113
Vilhelm Sigfús Sigmundsson			EÐL203
Vilhelm Sigfús Sigmundsson			EÐL303
Vilhelm Sigfús Sigmundsson			EÐL403
Benedikt I. Ásgeirsson			EFN103
Laufey Bjarnadóttir			ENS102
Laufey Bjarnadóttir			ENS202
Laufey Bjarnadóttir			ENS303
Eiríkur K. Björnsson			FÉL103
Óli Njáll Ingólfsson	Hallur Örn Jónsson		FÉL203
Eiríkur K. Björnsson			FÉL303
Óli Njáll Ingólfsson			FJÖ103
Hrafnhildur Guðmundsdóttir			FRA102
Hrafnhildur Guðmundsdóttir			FRA202
Sigrún Halla Halldórsdóttir			FRA303
Ármann Halldórsson			HEI103
Ármann Halldórsson			HEI203
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir			ÍSL102
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir			ÍSL103
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir			ÍSL202
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir			ÍSL203
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir			ÍSL212
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir			ÍSL303
Þorkell H. Diego			ÍSL403
Halldóra Ósk Hallgrímsdóttir			ÍSL613
Ingveldur Bragadóttir			ÍÞR102
Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir	Óskar Knudsen		JAR103
Óskar Knudsen			JAR203
Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir			LAN103
Sigurður Hlíðar			LÍF103
Ólafur Halldórsson			LÍF203

Sigurlaug Kristmannsdóttir			LOL103
Sigurlaug Kristmannsdóttir			LOL203
Þuríður Jónsdóttir			LÖG103
Alda Jóna Nóadóttir			MAR103
Heiðrún Geirsdóttir			MEN103
Heiðrún Geirsdóttir			MEN203
Margrét Auðunsdóttir			NÁT103
Ragnhildur Hrönn Sigurðardóttir			NÁT113
Benedikt I. Ásgeirsson			NÁT123
Guðrún Inga Sívertsen			REK103
Jón Ingvar Kjaran			RÚS103
Heiðrún Geirsdóttir			SAG103
Hulda S. Sigtryggsdóttir	Jón Ingvar Kjaran		SAG203
Heiðrún Geirsdóttir	Jón Ingvar Kjaran		SAG303
Hulda S. Sigtryggsdóttir	Jón Ingvar Kjaran		SAG313
Jón Ingvar Kjaran	Hallur Örn Jónsson	Óli Njáll Ingólfsson	SAG413
Ingibjörg Markúsdóttir			SÁL103
Ingibjörg Markúsdóttir			SÁL203
Berta Guðmundsdóttir			STJ103
Svava Þorsteinsdóttir			STÆ102
Ásta Jenný Sigurðardóttir			STÆ103
Ásta Jenný Sigurðardóttir			STÆ122
Þórður Möller			STÆ202
Þórður Möller			STÆ203
Þórður Möller			STÆ303
Þórður Möller			STÆ313
Svava Þorsteinsdóttir			STÆ363
Sólveig Friðriksdóttir			TÖN102
Jóhanna Björnsdóttir			TÖN121
Jóhanna Björnsdóttir			TÖN131
Jóhanna Björnsdóttir			TÖN141
Sólveig Friðriksdóttir			TÖN202
Kristín I. Jónsdóttir	Baldur Sveinsson		TÖN302
Sólveig Friðriksdóttir	Snorri Halldórsson		TÖN312
Kristín I. Jónsdóttir	Gísli Björn Heimisson		VÉL101
Berta Guðmundsdóttir			ÞJÓ103
Ragna Kemp			ÞÝS102
Ragna Kemp			ÞÝS103
Ólög Kjaran Knudsen			ÞÝS202
Ólög Kjaran Knudsen			ÞÝS212
Nanna Lárusdóttir			ÞÝS303

Tafla 5. Áfangar sem kenndir hafa verið í fjarnámi VÍ.

Haustönn 2005	Vorönn 2006	Sumarönn 2006
	ALP104	ALP104
	ALP203	ALP203
BÓK103	BÓK103	BÓK103
	BÓK201	BÓK201
	BÓK203	BÓK203
DAN102	DAN102	
DAN103	DAN103	
	DAN202	DAN202
	DAN203	DAN203
DAN212	DAN212	DAN212
	EÐL103	EÐL103
	EÐL113	EÐL113
	EÐL203	EÐL203
	EÐL303	EÐL303
		EÐL403
	EFN103	EFN103
	ENS102	ENS102
ENS103	ENS103	
		ENS202
	ENS203	
	ENS212	
	ENS303	ENS303
	ENS373	
	FÉL103	FÉL103
	FÉL203	FÉL203
	FÉL303	FÉL303
	FJÖ103	FJÖ103
	FRA102	FRA102
	FRA103	
	FRA202	FRA202
	FRA203	
	FRA212	
		FRA303
HEI103	HEI103	HEI103
	HEI203	HEI203
	ÍSL102	ÍSL102
ÍSL103	ÍSL103	ÍSL103
	ÍSL202	ÍSL202
ÍSL203	ÍSL203	ÍSL203
	ÍSL212	ÍSL212
ÍSL303	ÍSL303	ÍSL303
	ÍSL403	ÍSL403
		ÍSL613
	ÍSL633	

		ÍPR102
	JAR103	JAR103
	JAR113	JAR113
		JAR203
	LAN103	LAN103
	LIS103	
	LÍF103	LÍF103
	LÍF203	LÍF203
	LOL103	LOL103
	LOL203	LOL203
	LÖG103	LÖG103
MAR103	MAR103	MAR103
	MEN103	MEN103
	MEN203	MEN203
NÁT103	NÁT103	NÁT103
NÁT113	NÁT113	NÁT113
NÁT123	NÁT123	NÁT123
REK103	REK103	REK103
	RÚS103	RÚS103
SAG103	SAG103	SAG103
SAG203	SAG203	SAG203
	SAG303	SAG303
	SAG313	SAG313
		SAG413
	SÁL103	SÁL103
		SÁL203
	SPÆ102	
SPÆ103	SPÆ103	
	SPÆ202	
	STJ103	STJ103
	STÆ102	STÆ102
STÆ103	STÆ103	STÆ103
	STÆ122	STÆ122
	STÆ202	STÆ202
STÆ203	STÆ203	STÆ203
	STÆ303	STÆ303
		STÆ313
		STÆ363
	TÖN101	TÖN 101
TÖN102	TÖN102	TÖN102
	TÖN111	TÖN 111
	TÖN121	TÖN121
	TÖN131	TÖN131
	TÖN141	TÖN141
	TÖN201	TÖN 201
TÖN202	TÖN202	TÖN202
		TÖN 211

	TÖN302	TÖN302
	TÖN312	TÖN312
VÉL101	VÉL101	VÉL101
	VÉL201	VÉL 201
ÞJÓ103	ÞJÓ103	ÞJÓ103
	ÞJÓ202	ÞJÓ 202
	ÞÝS102	ÞÝS102
ÞÝS103	ÞÝS103	ÞÝS103
	ÞÝS202	ÞÝS202
	ÞÝS203	
	ÞÝS212	ÞÝS212
		ÞÝS303

Tafla 6. Brautir og svið sem í boði eru við Verzlunarskóla Íslands. Áfangar litaðir með gulu eru þegar í boði í fjarnámi, óvíst er hvort áfangar litaðir með grænu verði í boði og áfangar litaðir með bláu á eftir að setja í boð.

Náttúrufræðibraut-eðlisfræðisvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203	STÆ303		STÆ403	STÆ503		
DAN102	DAN202	DAN212					
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303				
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
			ÞJÓ113				
						SAG103	SAG203
	NÁT113	NÁT103	NÁT123				
				EÐL103			
					EFN103		
				JAR103			
						LÍF103	
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202			TÖL103			
VÉL101							
			STÆ313			STÆ603	STÆ703
							STÆ523
					EÐL203	EÐL303	EÐL403
						EFN213	
BÓK113		REK103					
							LÖG103
					VAL103	VAL203	

Náttúrufræðibraut-líffræðisvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203	STÆ303		STÆ403	STÆ503		
DAN102	DAN202	DAN212					
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303				
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
			ÞJÓ113				
						SAG103	SAG203
	NÁT113	NÁT103	NÁT123				
				EÐL103			
				EFN103			
				JAR103			
					LÍF103		
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202						

VÉL101							
			STÆ313			STÆ633	
					EDL203		
						EFN203	EFN303
							EFN313
						JAR213	
						LÍF113	LÍF203
BÓK113		REK103					
							LÖG103
					VAL103	VAL203	
Náttúrufræðibraut-tölvusvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203	STÆ303		STÆ403	STÆ503		
DAN102	DAN202	DAN212					
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303				
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
			ÞJÓ113				
						SAG103	SAG203
	NÁT113	NÁT103	NÁT123				
					EDL103		
							EFN103
				JAR103			
						LÍF103	
ÍPR101	ÍPR111	ÍPR201	ÍPR211	ÍPR301	ÍPR311	ÍPR401	ÍPR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202						
VÉL101							
			STÆ313			STÆ513	STÆ633
						EDL203	
				TÖL103	TÖL203	TÖL213	TÖL303
				TÖL113			
BÓK113		REK103					
							LÖG103
					VAL103	VAL203	
Félagsfræðabraut							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203						
DAN102	DAN202		DAN212				
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303	ENS403		ENS503	
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
		FÉL203	ÞJÓ113				
		SAG103	SAG203			SAG303	

				MEN103			MEN203
	NÁT113			NÁT123		NÁT103	
							LAN103
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202				TÖN312		
VÉL101							
		STÆ363		STÆ313			
							ENS603
						ÞÝS503	
				ALÞ102	ALÞ203	ALÞ302	
BÓK113		REK103			MAR103		ÞJÓ303
							LÖG103
					VAL103	VAL203	
Málabraut							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503		
STÆ103	STÆ203						
DAN102	DAN202	DAN212	DAN303				
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303	ENS403		ENS503	
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303	ÞÝS403	ÞÝS503		
			SPÆ103	SPÆ212	SPÆ303		
			ÞJÓ113				
		SAG103				SAG203	
	NÁT113				NÁT103		NÁT123
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
							ÍSL603
TÖN102	TÖN202						
VÉL101							
		STÆ363		STÆ313			
							ENS603
						ÞÝS603	
						FRA403	FRA503
				LAT102	LAT202	LAT302	
BÓK113		REK103					
							LÖG103
					VAL103		VAL203
Viðskiptabraut-hagfræðisvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403		ÍSL503	
STÆ103	STÆ203	STÆ303		STÆ403			
DAN102	DAN202		DAN212				

ENS102	ENS202	ENS212	ENS303		ENS403		
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
				SAG103	SAG203		SAG303
	NÁT113			NÁT103			NÁT123
BÓK113		BÓK213					
			ÞJÓ113				
		REK 103					
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202	TÖN302					
VÉL101							
			STÆ313		STÆ503	STÆ633	
							ENS503
						BÓK313	
				REK213	REK313	ÞJÓ202	ÞJÓ302
						FJÁ103	
							LÖG103
				VAL203			VAL203
Viðskiptabraut-viðskiptasvið							
3. bekkur		4. bekkur		5. bekkur		6. bekkur	
haust	vor	haust	vor	haust	vor	haust	vor
ÍSL102	ÍSL202	ÍSL212	ÍSL303	ÍSL403		ÍSL503	
STÆ103	STÆ203	STÆ363		STÆ 463			
DAN102	DAN202		DAN212				
ENS102	ENS202	ENS212	ENS303	ENS403			
ÞÝS102	ÞÝS202	ÞÝS212	ÞÝS303		ÞÝS403		
				SAG103	SAG203	SAG303	
	NÁT 113			NÁT 103			NÁT123
BÓK113		BÓK213					
			ÞJÓ113				
		REK 103					
ÍÞR101	ÍÞR111	ÍÞR201	ÍÞR211	ÍÞR301	ÍÞR311	ÍÞR401	ÍÞR411
LKN101						LKN121	
TÖN102	TÖN202	TÖN302					
VÉL101							
			STÆ313		STÆ563		
							ENS503
						BÓK313	
				REK212	FJÁ103	REK323	REK323
							MAR103
						STJ103	
							LÖG103

					VAL103		VAL203
Náttúrfræðibraut-líffræðisvið, þriggja ára braut							
1. ár		2. ár		3. ár			
haust	vor	haust	vor	haust	vor		
ÍSL103	ÍSL203	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503			
STÆ103	STÆ203	STÆ303	STÆ403				
		STÆ313					
DAN103	DAN203						
ENS103	ENS203	ENS303					
ÞÝS103	ÞÝS203	ÞÝS303	ÞÝS403				
			ÞJÓ103				
			SAG103		SAG203		
	NÁT113	NÁT103					
		NÁT123					
			EÐL103				
			EFN103				
				JAR103			
				LÍF103			
ÍPR101	ÍPR111	ÍPR201	ÍPR211	ÍPR301	ÍPR311		
UMS101					SAL101		
TÖN102	TÖN202						
VÉL101							
				STÆ503	STÆ633		
				EÐL203			
				EFN203	EFN303		
					JAR213		
				LÍF113	LÍF203		
BÓK103		REK103					
					LÖG103		
				VAL103	VAL203		
Viðskiptabraut, þriggja ára braut							
1. ár		2. ár		3. ár			
haust	vor	haust	vor	haust	vor		
ÍSL103	ÍSL203	ÍSL303	ÍSL403	ÍSL503			
STÆ103	STÆ203	STÆ303	STÆ403				
		STÆ313					
DAN103	DAN203						
ENS103	ENS203	ENS303	ENS403		ENS503		
ÞÝS103	ÞÝS203	ÞÝS303	ÞÝS403				
			SAG103	SAG203	SAG303		
	NAT113			NAT103	NAT123		
BÓK103		BÓK203					
			ÞJÓ 113				
		REK103					
ÍPR101	ÍPR111	ÍPR201	ÍPR211	ÍPR301	ÍPR311		
UMS101					SAL101		

TÖN103	TÖN203				
VÉL101					
				STÆ503	STÆ633
				BÓK303	
		REK213	REK313	ÞJÓ202	ÞJÓ302
				FJÁ103	
					LÖG103
				VAL103	VAL203